# FJÁRAUKALÖG
## fyrir árið 1971.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

| | Til viðbótar við gjöld í 2. gr. fjárlaga 1971 er veitt: | Þús. kr. |
|---|---|---|
| 00 | Æðsta stjórn ríkisins að undanskildu Alþingi | 9 390 |
| 01 | Forsætisráðuneytið | 7 501 |
| 02 | Menntamálaráðuneytið | 345 205 |
| 03 | Utanríkisráðuneytið | 72 958 |
| 04 | Landbúnaðarráðuneytið | 173 058 |
| 05 | Sjávarútvegsráðuneytið | 40 294 |
| 06 | Dóms- og kirkjumálaráðuneytið | 118 034 |
| 08 | Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið | 462 688 |
| 09 | Fjármálaráðuneytið | 97 400 |
| 10 | Samgönguráðuneytið | 643 911 |
| 11 | Iðnaðarráðuneytið | 23 921 |
| 12 | Viðskiptaráðuneytið | 517 037 |
| 13 | Hagstofa Íslands | 5 606 |
| 14 | Ríkisendurskoðun | 2 081 |
| | Samtals | 2 519 084 |

*Gjört í Reykjavík 27. maí 1975.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Geir Hallgrímsson.*

18. maí 1975. Nr. 50.

# LÖG

**um breyting á lögum nr. 20 8. mars 1954, um vátryggingarsamninga.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Á eftir 1. málsgr. 95. greinar kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Nú er sakarefni skipt í skaðabótamáli út af slysi og eingöngu dæmt um skaðabótaskyldu, og getur þá dómur ákveðið, svo að bindandi sé fyrir félagið og aðfararhæft gagnvart því, að tjónvaldur greiði tjónþola ákveðna fjárhæð upp í væntanlegar skaðabætur, er komi til frádráttar, þegar bætur verða endanlega ákveðnar.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík 18. maí 1975.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Matthías Bjarnason.*